

Sp. 736. Tillaga til þingsályktunar [398. mál]

um endurskoðun laga um innflutning búfjár.

Flm.: Jón Kristjánsson, Davíð Aðalsteinsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa nú þegar nefnd sem hafi það hlutverk að endurskoða lög um innflutning búfjár, nr. 74/1962. Endurskoðun laganna taki mið af þeim breytingum sem orðið hafa á tækni við flutning erfðaefnis búfjár og athuguð verði sérstaklega sú grein laganna sem varðar tegundir nautgripa sem innflutningur er heimill á.

Nefndin ljúki störfum fyrir 1. okt. n.k.

Greinargerð.

Núverandi lög um innflutning búfjár eru frá árinu 1962, breytt með lögum nr. 19/1972. Með lagasetningunni varð mögulegt að flytja inn búfjársæði og loðdýr.

Á grundvelli þessara laga var komið upp einangrunarstöð fyrir holdanaut í Hrísey og leyfður innflutningur á djúpfrystu sæði af Galloway-kyni. Tilgangurinn var að hreinrækta holdanautastofn með endurtekinni notkun sæðis. Að þessum málum hefur verið unnið síðan árið 1972 að einangrunarstöðinni í Hrísey var komið á fót.

Nú hefur tækni fleygt fram í notkun erfðaefnis búfjár sem felst í því að notuð eru frjóvguð egg í stað sæðis. Með þessari aðferð næst skjóttur árangur og hreinræktaður gripur fæst við fyrsta burð. Benda má á það í þessu sambandi að 10 ár tekur að hreinrækta kyn með notkun sæðis. Því er nauðsynlegt að innflutningur og notkun frjóvgaðra eggja verði heimil samkvæmt áður nefndum lögum.

Jafnframt þessari breytingu er ástæða til þess að huga að því hvort ekki sé ástæða til þess að leyfa innflutning á öðrum kynjum nautgripa en Galloway-stofninum. Margt bendir til þess að önnur nautgripakyn geti hentað betur hér á landi, gefið af sér stærri vöðva og meira kjötmagn, og með því verði hægt að auka fjölbreytni þess nautakjöts sem er á markaði hérlendis.

Ástæða er til þess að taka fram að áfram mun þurfa að nota sóttvarnarstöðina í Hrísey þótt breyting verði á í þessu efni þannig að ekki verði slakað á þeim sóttvarnarkröfum sem sjálfsagðar eru.

Þess má geta að þekking er í landinu á tækni við flutning á frjóvguðum eggjum og hefur þegar verið reynd á íslenskum kúm, fyrsti glasakálfurinn fæddist á tilraunabúinu í Laugardælum í nóvember s.l.